

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson mætti klukkan 14:00.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Skýrsla oddvita
2. Málefni kyndistöðvar Hallormsstað
3. Ósk Sýslumannsins á Austurlandi um umsögn um rekstrarleyfi
4. Aðalfundur SSA 2017
5. Lóð Laugarfelli, samningur við Forsætisráðuneytið
6. Starfsmannahús Laugarfelli
7. Hengifoss, samstarfssamningur við Vatnajökulsþjóðgarð um landvörslu
8. Héraðsskjalasöfn, drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafna
9. Virkjanahugmyndir ARCTIC HYDRO , Kiðafellsvirkjun
10. Stefnumótun ferðaþjónustu í Fljótsdal
11. Ársreikningar Samtaka orkusveitarfélaga 2016
12. Bréf
 - a) Vegagerðin dags. 27.04 2017
 - b) Vegagerðin dags. 27.04 2017
13. Umhverfisstyrkir
 - a) Sveinn Ingimarsson, Sturluflöt
 - b) Eyjólfur og Þórdís , Melum
 - c) Jósef V. Þorvaldsson, Víðivöllum fremri
14. Fjárbeiðnir
 - a) SSÁ
 - b) Jónas Bragi Hallgrímsson
 - c) BFF
15. Fundargerðir
 - a) Skógarorka 19.05
 - b) Ársalir 03.05 og 31.05. Ársreikningur 2016
 - c) HAUST 24.05

d) Minjasafn Austurlands, aðalfundur 27.02, aukaaðalfundur 21.04, ásamt ársreikningi og árskýrslu 2016

16. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita

Fyrirtækið Landslag ehf hefur verið fengið til að verkanna stíginn að Hengifossi og verðlaunahafi hönnunarsamkeppni er að vinna frekari útfærslur á smábrúm, hliðum, bekkjum og skiltum.

Deiliskipulag Geldingafell hefur með birtingu auglýsingar í B deild Stjórnartíðinda, tekið gildi.

Hópur undir stjórn Austurbrúar hefur unnið tillögu að skiltum um að næturdvöl í bílum/tjöldum sé aðeins heimil á merktum tjaldsvæðum. Gert er ráð fyrir að skilti verði sett upp á þeim stöðum þar sem algengt er að gistibílar standi næturlangt og eða slegið er upp tjöldum utan merktra tjaldsvæða, gjarnan við vegi.

Tengir hafa uppfært ljósleiðarakerfi Fljótsdalshrepps og á nú að vera komið hraðvirkara og stöðugra samband í kerfinu.

Húsgögn í borðsal gistihúsa við Végarð hafa verið endurnýjuð, smíðað lerkiborð utan um súlu í borðsalnum og einnig var gert við sturtuklefa, þar sem rakaskemmdir voru.

Í Laugarfellsskála var flísalagt innan við útidyr í borðsal og á efri hæð og gengið frá útihurð á efri hæð, þannig að nú er vonast til að hætti að leka inn meðfram hurðinni. Þá stendur til að bæta loftun í tækjarými með því að setja rist á útihurð og gera við hlaðinn vegg þegar hleðslumenn verða á svæðinu.

Gera þurfti við veg að Laugarfellsskála eftir vorleysingar í Laugará. Skemmdir á veginum voru þó minniháttar.

Skilti sem sýna vegaleiðir í Fljótsdal, hafa verið sett upp við Droplaugarstaði og við Gilsá.

Varmadæla og raftúpa í Végarði hafa verið bilaðar, örsök er að öllum líkindum spennufall í dreifikerfi rafmagns 17. maí. Ekki er talið að svari kostnaði að gera við varmadæluna, en fengnir voru varahlutir í túpuna og hún komin í lag.

Oddviti sat fund sem Forsætisráðuneytið boðað til á Egilsstöðum 31. maí, um málefni þjóðlenda.

Oddviti sat einnig sem ársfund Austurbrúar og málþing, sem haldið var í Végarði 8. maí.

Lárus var í afleysingu fyrir oddvita 1 viku í maímánuði.

Landsvirkjun hefur sent Fljótsdalshreppi skýrslurnar : LV-2017-049 Vatna-og sundfuglar á Jökulsá á Dal og endur á Lagarfljóti og á vötnum á Fljótsdalsheiði árið 2016 og LV-2017- 024 Kárahnjúkavirkjun- Framkvæmd skilyrða fyrir virkjanaleyfi.

2. Málefni kyndistöðvar Hallormsstað. Stjórn Skógarorku hefur gert samkomulag við 701hotels um kaup á eignum kyndistöðvarinnar á Hallormsstað, gegn yfirtöku á láni sem hvílir á félaginu. Hluthafafundur verður haldinn síðar í mánuðinum þar sem gengið verður frá uppgjöri og slitum á félaginu. Líklegt er að hlutur Fljótsdalshrepps í uppgjöri skulda verði um 1.5 millj. Oddvita er veitt heimild til að greiða niður yfirdrátt sem hvílir á Skógarorku sem samsvarar þeirri upphæð, til að auðvelda frágang mála. Gerður verður viðauki við fjárhagsáætlun vegna þessa.

3. Ósk Sýslumannsins á Austurlandi um umsögn um rekstrarleyfi

Fyrir liggur umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Austurlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir sölu gistingar (minni gistiheimili) í flokki II , að Brekkugerðishúsum , Fljótsdalshreppi

Fyrir liggur jákvæð umsögn frá byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra. Heilbrigðiseftirlit Austurlands veitir einnig jákvæða umsögn , en bendir á að skv. starfsleyfi sem HAUST hefur gefið út vegna umrædds rekstrar , var það leyfi gefið út til sölu á flokki II , í íbúðum, og telur HAUST það réttari flokkun.

Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn og staðfestir jafnframt að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsóknin lýtur að, sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segir til um.

4. **Aðalfundur SSA 2017.** Aðalfundur SSA verður haldinn á Breiðdalsvík 29. – 30. sept. Fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum verður oddviti og til vara verður varaoddviti. SSA óskar eftir tillögum um umræðuefni á fundinum. Sveitarstjórn leggur til að tekin verði til umræðu staða byggðar og sauðfjárræktar í fjórðungnum.
5. **Lóð Laugarfelli, samningur við Forsætisráðuneytið.** Oddvita falið að skrifa undir samninginn, eins og hann liggur fyrir.
6. **Starfsmannahús Laugarfelli.** Það barst eitt tilboð í byggingu á risi og forstofu og var það um 70% af kostnaðaráætlun. Skrifað hefur verið undir samning við Hörð Guðmundsson um verkið.
7. **Hengifoss, samstarfssamningur við Vatnajökulsþjóðgarð um landvörslu 2017.** Kynnt og oddvita falið að skrifa undir samstarfssamninginn.
8. **Héraðsskjalasöfn, drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafna.** Kynnt.
9. **Virkjanahugmyndir ARCTIC HYDRO , Kiðafellsvirkjun.** Fyrirtækið hefur fengið útgefið rannsóknarleyfi frá Orkustofnun til sjö ára. Frumvirkjunartilhögun gerir ráð fyrir að Sultarranaá, Fellsá og það sem eftir er á Innri-og Ytri-Sauða verði virkjaðar. Stöðvarhús í enda Kiðafells og virkjunin verði með uppsett afl á bilinu 20 – 40 MW. Fjárfesting yrði á bilinu 8 – 15 milljarðar. Sveitarstjórn er ekki andvíg því að virkjunarkosturinn verði skoðaður.
10. **Stefnumótun ferðaþjónustu í Fljótsdal.** Farið var yfir afrakstur málþings og rætt um framhald stefnumótunar.
11. **Ársreikningar Samtaka orkusveitarfélaga 2016.** Kynnt. Engar athugasemdir.
12. **Bréf.**
 - a) **Vegagerðin dags. 27.04 2017.** Kynnt. Móttekin umsókn í styrkvegaskjöld.
 - b) **Vegagerðin dags. 27.04 2017.** Tilkypping um fyrirhugaða niðurfellingu á Geitagerðisvegi (heimreið) af vegaskrá. Oddviti hefur mótmælt áformum Vegagerðarinnar niðurfellingu vegarins af vegaskrá.
13. **Umhverfisstyrkir.**

Þorvarður vék af fundi vegna vanhæfis

- a) **Sveinn Ingimarsson, Sturluflöt.** Samþykktur hámarksstyrkur

Þorvarður kom aftur til fundar

b) Eyjólfur og Þórdís , Melum. Samþykktur hámarksstyrkur.

Gunnþórunn vék af fundi vegna vanhæfis.Lárus tók við fundarstjórn

b) Jósef V. Þorvaldsson, Víðivöllum fremri. Samþykktur hámarksstyrkur.

Gunnþórunn kom aftur til fundar og tók við fundarstjórn.

14. Fjárbeiðnir.

a) SSÁ. Samþykktur styrkur kr 8.000-

b) Jónas Bragi Hallgrímsson. Jónas sækir um styrk vegna sex vikna frumkvöðlanámskeiðs í Kaliforníu í Bandaríkjunum. Samþykktur styrkur kr. 150.000-

c) Búnaðarfélag FLjótsdalshrepps. Samþykkt að styrkja BFF um kr 1.5 millj til tækjakaupa. Gerður verður viðauki við fjárhagsáætlun vegna styrksins.

15. Fundargerðir

a) Skógarorka 19.05. Kynnt.

b) Ársalir 03.05 og 31.05. Ársreikningur 2016. Fundargerðirnar kynntar og ársreikningurinn samþ.

c) HAUST 24.05. Kynnt.

d) Minjasafn Austurlands, aðalfundur 27.02, aukaaðalfundur 21.04, ásamt ársreikningi og árskýrslu 2016. Kynnt.

16. Önnur mál.

a) Oddviti ræddi lög er samþykkt voru á vorþingi og varðað geta sveitarfélagið.

b) Snæfellsstofa býður til fagnaðar 7. júní , í tilefni af staðfestingu BREEAM umhverfisvottunar á gestastofuhúsinu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.40

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfisdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)